

**1316. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 3.
mars 2025 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Gylfi Ólafsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Einar Magnússon, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður og Kristján Þór Kristjánsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, Bæjarritari.

Dagskrá:

1. Fiskeldissjóður 2025 - 2025020199

Lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 26 febrúar 2025, um mögulegar umsóknir Ísafjarðarbæjar til fiskeldissjóðs, en óskað er eftir afstöðu bæjarráðs til þessa hvaða verkefna skal sækja um í Fiskeldissjóð.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsóknir í Fiskeldissjóð í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir bæjarráð til samþykktar á næsta fundi.

Gestir

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:10

2. Afskriftir eldri uppbyggingasamninga 2024 - 2025020215

Lagt fram til samþykktar minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 28. febrúar 2025, þar sem lagt er til við bæjarráð að samþykkja auka afskrift eignasjóðs að fjárhæð kr. 16.826.204, á fjárhagsárinu 2024, vegna eldri uppbyggingasamninga.

Bæjarráð samþykkir auka afskrift eignasjóðs að fjárhæð kr. 16.826.204, á fjárhagsárinu 2024, vegna eldri uppbyggingasamninga.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 00:00

Axel yfirgaf fund kl. 8:46.

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2025 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - 2025010004

Lagt fram erindi Guðna Geirs Einarssonar, f.h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, varðandi drög að frumvarpi um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en frestur til að veita umsögn um frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda, er til kl. 12:00, miðvikudaginn 5. mars 2025.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:47

Edda María yfirgaf fund kl. 9:03.

4. Útboð - Upplýsingatækniþjónusta fyrir Ísafjarðarbæ - 2025020145

Lagt fram til samþykktar minnisblað Steinars Darra Emilssonar, upplýsingatækni- og innkaupastjóra, dags. 27. febrúar 2025, þar sem óskað er heimildar bæjarráðs til að fara í útboð á eftirgreindri þjónustu, sem er samskonar og er nú þegar til staðar, þó með uppfærðum tæknilýsingum og kröfum:

- a) Fjar- og vettvangsþjónusta
- b) Hýsing og rekstur
- c) Rekstur og vöktun á netumhverfi og netbúnaði

Bæjarráð samþykkir að boðin verði út upplýsingatækniþjónusta fyrir Ísafjarðarbæ í samræmi við framlögð drög að útboðslýsingu.

5. Ívilnanaheimildir A.6 Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðisviði - 2024110071

Á 1304. fundi bæjarráðs, þann 25. nóvember 2024, var lagður fram tölvupóstur Reinhards Reynissonar f.h. Byggðastofnunar, þar sem upplýst er um stöðu mála varðandi nýtingu ívilnanaheimilda í lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 ásamt tillögum starfshóps heilbrigðisráðherra um nýtingu ívilnanaheimildanna og svæðaskilgreiningu Byggðastofnunar skv. 1. mgr. 28. gr. laganna. Á fundinn mættu Lúðvík Þorgeirsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, og Hildur Elísabet Pétursdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Bæjarráð óskaði eftir þarfagreiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og fól bæjarstjóra að ræða við Byggðastofnun vegna málsins.

Er nú lögð fram þarfagreining Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, dags. 26. febrúar 2025, vegna ívilnana námslána til að bregðast við skorti á heilbrigðisstarfsfólki og þarfa íbúa heilbrigðisumdæmisins fyrir heilbrigðisþjónustu skv. mati stjórnanda Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram, en jafnframt að kanna hug annarra sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum til þátttöku í verkefninu.

6. Tilnefning fulltrúa á aðalfundi Háskólaseturs Vestfjarða - 2025020213

Lagt fram erindi Peter Weiss, forstöðumanns Háskólaseturs Vestfjarða dags. 27.

febrúar 2025, um að allir stofnaðilar að sjálfseignarstofnuninni Háskólaasetur Vestfjarða eiga að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa. Í erindinu er gefinn möguleika á að breyta tilnefningu fulltrúa í ljósi bæjarstjórskipta. Lagt er til við bæjarráð að kjósa nýjan aðalfulltrúa.

Bæjarráð tilnefnir Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur sem aðalfulltrúa Ísafjarðarbæjar á aðalfundi Háskólaaseturs Vestfjarða, í stað Örnú Láru Jónsdóttur.

7. Kjarasamningar LSS - 2025010202

Lagt fram til kynningar erindi Margrétar Sigurðardóttir, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem kynntar eru niðurstöður atkvæðagreiðslu um kjarasamning Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kjarasamningurinn var felldur með 52,65% atkvæða.

Lagt fram til kynningar.

8. Snjóflóð og samfélög- Ofanflóð 2025 - 2025020198

Lagt fram til kynningar erindi Kristínar Mörthu Hákonardóttur, f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2025, um málþingið Ofanflóð 2025. Málþing um snjóflóð og samfélög verður haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 5.-6. maí 2025.

Lagt fram til kynningar.

9. Hverfisráð - fundargerðir 2025 - 2025010287

Lagðar fram til kynningar fundargerðir hverfisráðs Önundafjarðar frá 11. febrúar og 17. febrúar 2025. Jafnframt er lögð fram fyrirspurn til skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar, sem send hefur verið sviðsstjóra til afgreiðslu fyrir nefndinni.

Lagt fram til kynningar.

10. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2025. - 2025020184

Lögð fram til kynningar fundargerð 151. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem haldin var þann 20. febrúar 2025 og ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2024.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í umhverfis- og framkvæmdanevnd.

11. Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2025010017

Lagðar fram til kynningar eru fundargerðir 965., 966., 967., 968., 969. og 970. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitafélaga frá 18., 19., 20., 21., 24. og 25. febrúar 2025.

Lagt fram til kynningar.

12. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 646 - 2501021F

Lögð fram til kynningar fundargerð 646. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 17. febrúar 2025.

Fundargerðin er í 14. liðum.

Lagt fram til kynningar.

12.3 2025010330 - Reykjanes í Ísafjarðardjúpi. Lóðarmál

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi merkjalýsingar vegna stofnuna lóða í landi Reykjanes.

12.4 2025020121 - Hrafnatangi 4, Ísafirði. Lóðarúthlutun 2018

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að afturkalla lóðarúthlutun Sjávareldis ehf og Hábrúnar ehf. við Hrafnatanga 4, Ísafirði.

12.8 2025010291 - Ósk um stofnun lóða á gamla Olíumúla

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóða við gamla Olíumúlann, undir þjónustuhús og gufubaðshús, nefndin telur að ekki þurfi að grenndarkynna með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga, þar sem leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

12.13 2025020109 - Kýrá, Mýrum í Dýrafirði. Efnisnám

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfuframkvæmdaleyfis, vegna skeringa við Kýrá.

13. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 647 - 2502013F

Lögð fram til kynningar fundargerð 647. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 27. febrúar 2025.

Fundargerðin er í 11. liðum.

Lagt fram til kynningar.

13.2 2024120077 - Umsókn um skipulag við Héraðskólann á Núpi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila landeigendum við L140979, Núpi í Dýrafirði, að hefja skipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í samræmi við 2. málsgrein 38. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

13.3 2024060076 - Ósk um breytingu á aðalskipulagi vegna nýtingar á

jarðhita í Seljalandi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð á greinargerð og uppdrætti frá Verkís ehf., dags. 25. febrúar 2025, sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13.4 2024120120 - Breyting á deiliskipulagi Seljalands vegna jarðhitaleitar

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð á greinargerð og uppdrætti frá Verkís ehf., dags. 25. febrúar 2025, sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13.5 2024110165 - Geymsluhús neðan Fjarðargötu á Þingeyri. Ósk um lóðarleigusamning

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila lóðarleigusamning neðan Fjarðargötu undir geymsluhús, við Fjarðargötu 67 á Þingeyri.

14. Skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd - 19 - 2502011F

Lögð fram til kynningar fundargerð 19. fundar skóla-, íþróttá- og tómstundanevndar, fundur var haldin 19. febrúar 2025.

Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram til kynningar.

14.6 2024030141 - Gjaldskrár 2025

Skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd vísar breytingum á gjaldskrá íþróttahúsa 2025 til samþykktar hjá bæjarstjórn.

15. Umhverfis- og framkvæmdanevnd - 154 - 2502017F

Lögð fram til kynningar fundargerð 154. fundar umhverfis- og framkvæmdanevndar frá 26. febrúar 2025.

Fundargerðin er í þremur liðum.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:30

Magnús Einar Magnússon

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir